

Vegagerðin, Austursvæði  
Búðareyri 11-13  
730 Reyðarfjörður

Akureyri, 23.7.2024  
UST202401-417/G.S.Á.  
08.06.02

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 26.06.2024 - Vegagerðin, Reyðarfirði ID213

Þann 26. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Vegagerðarinnar, Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Staða eldri mála:

Eitt frávík frá ákvæðum starfsleyfisins kom fram við síðasta eftirlit, árið 2023, er varðar að þrýstiprófun á löndunarlögn var ekki framkvæmd innan tímaramma. Þrýstiprófun var framkvæmd þann 27. janúar 2023 og er **frávikinu því lokað**. Ein ábending var sett fram um frágang á lausamunum á lóð. Tiltekt hefur farið fram en ekki með fullnægjandi hætti. Frávík frá eftirliti ársins 2016 stendur enn opið varðandi að áfylling flutningsgeyma skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju. Rekstraraðili sendi inn nýja úrbótaáætlun sem fól í sér að klæða ætti planið þar sem áfylling á bílana fer fram, í byrjun sumars 2024 og var hún samþykkt.

### Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Ábending er sett fram um að huga þurfi að frágangi á lóðinni að loknum framkvæmdum vegna hreinsunar eftir óhapp við löndun biks.

### Fjögur frávík komu fram er varða:

1. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal koma í veg fyrir að geymar yfiryllist, t.d. með viðeigandi tækjabúnaði og/eða verklagreglum. Bæði tækjabúnaður og verklagsreglur voru til staðar en nýttust ekki.
2. Gr. 2.6 í starfsleyfi. Olíuúrgangur stendur í opnu íláti við inngang stöðvarhúss og sullast hefur upp úr því og niður á malarundirlag. Fjarlægja þarf ílátið og koma úrganginum honum til förgunar á viðurkenndan hátt.
3. Gr. 2.6 í starfsleyfi. Skrá skal alla þjálfun starfsmanna í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Skráningar um þjálfun eftirlitsmanna voru ekki til staðar og var rekstraraðila bent á að koma upp skráningarblöðum fyrir þjálfun starfsmanna.

4. Viðauka I í rg. 884/2017. Olíugeymar og olíulagnir skulu merktar með auðkennum skv. töflu í viðauka I. Engar merkingar sáust, hvorki á geymunum né lögnunum.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. ágúst 2024.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Kristín Kröyer  
sérfræðingur